

3. ágúst 2019

Kæru skólasystkin

Vart þarf að minna ykkur á að næsta vor verða liðin 50 ár frá því að við útskrifuðumst úr MA.

Við reiknum að sjálfsögðu með því að við fögnum 50 ára afmælinu fyrir norðan í júní nk. Þegar hafa sjálfboðaliðar hafið undirbúning og er Akureyrardeildin áhrifamikil. Tillaga undirritaðra er í stuttu máli á þann veg að við komum saman á Akureyri mánudagsmorguninn 15. júní, t.d. kl. 11. Haldið verði rakleiðis í rútum til Siglufjarðar þar sem snæddur verður léttur hádegisverður. Að honum loknum verði litast um og skoðaðir/heimsóttir forvitnilegir staðir. Um kvöldið verði efnt til hátíðarkvöldverðar á Sigló hóteli með hátíðardagskrá. Að honum loknum verði ekið aftur til Akureyrar. Þriðjudaginn 16. júní verði frjálst dagskrá, t.d. með heimsókn í gamla skólann (t.d. kl. 11 – skólameistari þegar bókaður) gönguferð(um)/bátsferð o.fl. Uppástungur vel þegnar. Kvöldið 16. júní verður stóra hátíðin í Íþróttahöllinni og skólaslit verða í höllinni að morgni 17. júní.

Í stuttu máli:

- 15. júní: Lagt af stað kl. 11 með rútum frá Akureyri áleiðis til Siglufjarðar, dagskrá á Siglufirði, hátíðarkvöldverður, ekið til Akureyrar um miðnætti eða svo.
- 16. júní: Frjálst dagskrá á Akureyri, heimsókn í gamla skólann o.fl. Stóra hátíðin í Íþróttahöllinni um kvöldið.
- 17. júní: Skólaslit fyrir hádegi.

Þessar grófu útlínur voru bornar undir þau sem mættu í eina af sunnudagsgöngunum sl. vetur og fengu góðar viðtökur. MA 68 hélt bekkjarhátíð sína á Siglufirði í fyrra og hið sama gerði MA 69 í ár. Við höfum heyrt að mjög vel hafi tekist til.

Ekki er mögulegt að bóka heilt hótél fyrir okkur eins og gert var hér áður fyrr (Þelamörk og Hrafnagil). Hins vegar hafa verið tekin frá 40 herbergi á Hótel Eddu (heimavist MA, nýi hlutinn). Verð á herbergjunum er eins og hér segir:

Eins manns herbergi með baði PLUS, ISK 22.250,- nóttin, morgunverður innifalinn.
Tveggja manna herbergi með baði PLUS, ISK 24.700,- nóttin, morgunverður innifalinn.

PLUS í pöntuninni þýðir að herbergin eru á nýju heimavistunum.

Svo geta þeir sem vilja gist á Siglufirði en þar hefur ekkert verið tekið frá.

Til að bóka herbergin á Hótel Eddu smellið þá á krækjuna hér fyrir neðan:
<https://be.synxis.com/?&chain=15503&hotel=59631&themecode=edda&chaincode=edda&Group=200650ARAS&arrive=2020-06-14&depart=2020-06-17&locale=en-GB&adult=1>

Þeir sem ætla að nýta sér þessi herbergi en geta ekki notað krækjuna, geta hringt í bókuardeild Eddu Hótelanna 444 4570 eða sent tölvupóst á edda@hoteledda.is og bókað sig inn í hópinn „**50 ára stúdentar - MA70 - Eiríkur**“ bókun nr. 190199 og gefa upp kortanúmer til tryggingar bókun. Herbergin eru frátekin á tímabilinu 14.-17. júní og ganga þarf frá pöntun **fyrir 1. apríl 2020**.

Á næstu mánuðum verður skipulagið útfært nánar. Tillögum verður tekið vel og leitað verður hugmynda og hjálpar hjá Siglfirðingunum í hópnum og fleirum. Ítarlegri upplýsingum verður dreift þegar tilefni verður til.

Bestu kveðjur

Maja Steingríms, Magnús Ólafs, Friðrik Vagn, Eiríkur Einars og Ingimundur